

# FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Fornleifaskráning vegna breytinga á línuleið  
Dalvíkurlínu 2 í landi Djúpárbakka og Tréstaða



Bjarni F. Einarsson 2023

Forsíðumyndin sýnir seltóftina á Selhól (Fornleifar nr. 12:1 á Akureyri. Horft  
mót SV. Ljósm. BFE 2023).

## **F**ORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson  
Unnið fyrir Landsnet  
Júlí 2023

### ***Inngangur***

Að beiðni Landsnets kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á hugmynd að breyttri legu Dalvíkurlínu 2 í landi Djúparbakka og Timburstaða í Eyjafirði. Svæðið er sýnt á mynd 1.


Farið var í gegnum eldri skráningarskýrslu sem þótti fullnægjandi. Þar er vísað í ýmsar heimildir.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 25. júní síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Fornleifarnar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki, bæði punktur og umfang. Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu Akureyri.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar (mynd 2) með staðsetningu fornleifanna.

Áður hefur verið gerð ein fornleifaskráning á svæðinu (Elín Ósk Hreiðarsdóttir o. fl. 1999) auk fyrri skýrslur undirritaðs vegna Dalvíkurlínu 2.

Fulltrúi verkkaupa var Friðrika Marteinsdóttir hjá Landsneti á Akureyri.



Mynd 1. Ný lega Dalvíkurlínu 2 í landi Djúpárbakka og Tréstaða, rauð lína. (Loftmynd: Landsnet).

### **Skráningin**

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningar-minjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni rannsóknarsvæðisins. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Tvær fornleifar voru skráðar í tengslum við vettvangskönnunina nú og töldust þær annarsvegar hafa hátt minja- og varðveislugildi og hinsvegar talsvert minja- og varðveislugildi. Samanlagt hafa þær há gildi í báðum flokkum.

Vel er hægt að leggja kapalinn í jörðu við selstöðuna án þess að raska henni. Hugsanlega þyrfti að flagga selstöðuna.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Geymsla á t.d. strengkeflum, vélum og tækjum er óheimil á og innan 15 m frá fornleifum og hið sama á við um

Nr.	Teg	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Fryðlys?	Flöggun
12:1	Sel	1	Línulögn	Lítill	Ágætt	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Nei	Flöggun
13:1	Rúst	1	Línulögn	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Flöggun
Samtals		2				Meðaltal:	6,75	6,75		

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar í landi Djúpárbakka. Hér er lagt mat á hættu vegna fyrirhugaðrar strenglagnar og fylgiframkvæmda. Ekki er talin viðvarandi hættu á minjunum óviðkomandi hinum fyrirhuguðu framkvæmdum.

umferð vinnuvéla og annarra vélknúinna tækja. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.



Mynd 2. Ný lega Dalvíkurlínu 2 við Mýrarlón. (Loftmyndir: Landsnet).

### ***Niðurstaða***

Tvennar fornleifar fundust nú og voru það leifar selstöðunnar Selhóls. Teljast þær hafa bæði hátt og talsvert minja- og varðveislugildi (6,75 í einkun). Leifarnar teljast vera í lítilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu línulagnar. Hugsanlega er hægt að sneiða hjá fornleifunum, en sé það ekki hægt þarf mótvægisáðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 mfriðhelgunarsvæði út frá ystu sýnilegum mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

**Heimildir**

Elín Óks Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson. *Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi II.*

Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 1999.

*Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

*Lög um menningarminjar.* Nr. 80 29. júní 2012. minjastofnun.is *Minjavefsja.*

**Fylgirit:**

*Fornleifaskrá:* Akureyri Nr.12:1 - 13:1.

Aðalnr.

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	12
Eyjafjarðarslýsla	Akureyri			
Landareign	Mí.Nr	Heiti	Undirnr.	1
Djúpárbakki		Selhóll		

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	25.6.2023	A 535581,5 N 583786,9	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Sel		Eyja 22 1 og 2	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Línulögn	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvænær	
Hátt	7,5	Hátt	7,5	Nei	Nei		

## Lega og staðhættir

Á hól (Selhól) í móa, rétt vestan við gamla þjóðveginn og austan við Dalvíkurveg.

## Heimildir og munnmæli

Elín Óks Hreiðarsdóttir og Orri Véstseinnson.  
Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi II.  
Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 1999.

## Lýsing

## Sel.

5,5 x 10 m stór. Veggir úr torfi (og grjóti?), 1 - 1,5 m breiðir og 01 - 0,3 m háir.


Tvö hólfr eru í rústinni og dyr á milli auk dyra á minna hólfinu út til suðausturs.

Hugsanlega hefur þriðja hólfið verið við norðaustur endann.

Rúst 13:1 hefur tilheyrt þessu seli.

Áður srkád undir númerinu Ey-253:009 (Elín Ósk o.fl. 1999:56). Þá voru hólfin talin fjögur.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

## Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að sækja um leifi til Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Aðalnr.

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	<b>13</b>
Eyjafjarðarslýsla	Akureyri			
Landareign	Mí.Nr	Heiti	Undirnr.	
Djúpárbakki		Selhóll	<b>1</b>	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekka
Bjarni F. Einarsson	25.6.2023	A 535561,0 N 583760,2	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Rúst		Eyja 22 1 og 2	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900
Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
	Línulögn	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Talsvert	6	Talsvert	6
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvænær	
Nei	Nei		

## Lega og staðhættir

Suðvestgan í hól (Selhól) í móa, um 30 m suðvestan við fornleifar nr. 12:1.

## Heimildir og munnmæli

Elín Óks Hreiðarsdóttir og Orri Véstseinnson.  
Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi II.  
Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 1999.

## Lýsing


## Rúst.

6,5 x 8 m stór. Veggir úr torfi (og grjóti?), 1 m breiðir og 02 - 0,3 m háir.

Tvö hólf eru í rústinni og dyr á milli. Líklega eru dyr út úr minna hólfinu mót suðvestri.

Áður srkád undir númerinu Ey-253:010 (Elín Ósk o.fl. 1999:56).

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

## Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að sækja um leifi til Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.